

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Slippa- og Ellingsenreitur – Vesturbugt.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, 21. mars 2024, tillögu að breytingu á deiliskipulagi Slippa- og Ellingsenreits og Vesturbugar, Gömlu hafnarinnar vegna reita 03 og 04. Í breytingunni felst að lóðir eru aðgreindar á reitunum. Hámarksbyggingarmagn ofanjarðar fer úr 18.400 m² í 18.300 m². Leyfilegur fjöldi íbúða fer úr 170 íbúðum í 170 + 7 íbúðir fyrir búsetuúrræði og skulu 25% íbúða vera leiguíbúðir. Hæð húsa F4 hækkar úr 4 hæðum í 5 (leikskóli á þakhæð fellur niður). Raðhús R2 á reit 03 eru felld út og inngarður stækkar sem því nemur. Raðhús R2 á reit 04 breytast í fjölbýlishús. Sérafnotarými íbúða á jarðhæð verða eins og almennir skilmálar fyrir svalir, þ.e. 1,5 m út fyrir byggingarreit og engin takmörk eru fyrir dýpt sérafnotarýmis. Bílakjallarar aðgreindir frá hvor öðrum, minnkaðir og bílastæðum fækkað í samræmi við endurskoðað samgöngumat og skulu rúma bíla- og hjólastæði. Bílastæði á yfirborði eru á borgarlandi. Bílakjallarar ná ekki út fyrir byggingarreiti. Jarðlag á almenningsrýmum ofan á bílakjallara skal vera minnst 0,6 m. Öll almenn bílastæði á yfirborði og í kjallara skulu verða samnýtt og almenn bílastæði í bílakjöllurum skulu vera aðgengileg fyrir almenning með sérinngangi. Atvinnuhúsnæði á jarðhæð að Mýrargötu, gerð F5 og F6, breytast í íbúðir gerð F5a og F6a. Atvinnuhúsnæði á jarðhæð suðurhlíðar reits 4 breytist í íbúðarhúsnæði, þar af allt að 500 m² ætlaðir fyrir fyrrgreindar heimildir um búsetuúrræði. Viðbótarreitur fyrir djúpsorpgáma fyrir reit 07 er komið fyrir sunnan við reit 04. Sérlóð er fyrir alla djúpgáma. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reitur 1.181.3, Lokastígsreitur 4 - Njarðargata 61.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 23. maí 2024, breytingu á deiliskipulagi reits 1.181.3, Lokastígsreits 4, vegna lóðarinnar nr. 61 við Njarðargötu. Í breytingunni felst breyting á byggingarreit Njarðargötu 61 svo unnt verði að byggja 3 hæðir og ris á lóðinni með allt að 8 íbúðum. Núverandi stigahús víkur ásamt geymsluskúr og nýtt stigahús með lyftu er felld inn í kropp hússins í stað þess sem teygir sig í norðvestur átt í dag, byggingarmagn eykst og nýtingarhlutfall hækkar Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 3. júní 2024.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfudagur: 3. júní 2024